



Reykjavík, 13. janúar 2026

PON25090014

ERINDISBRÉF

stýrihóps um mótun aðgerðaráætlunar lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmaður: Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Inngangur:

Borgarstjórn Reykjavíkurborgar samþykkti lýðræðisstefnu fyrir árin 2021–2030 þann 19. október 2021, ásamt fyrstu aðgerðaráætlun fyrir árin 2021–2024. Nú er viðeigandi að endurskoða og uppfæra aðgerðaráætlunina fyrir tímabilið 2026–2030.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að vinna tillögur að endurskoðaðri aðgerðaráætlun, leggja fram útfærslu einstakra aðgerða og tryggja að markmið lýðræðisstefnu Reykjavíkur verði áfram innleidd á árangursríkan hátt á árunum 2026–2030.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Að endurskoða og meta árangur af aðgerðaráætlun 2021-2024 með hliðsjón af markmiðum og mælikvörðum sem þar voru settir fram.
- Að móta nýja aðgerðaráætlun fyrir tímabilið 2026-2030 sem byggir á gildandi lýðræðisstefnu 2021-2030.
- Að skilgreina og forgangsraða aðgerðum sem efla lýðræði, gagnsæi og virkni íbúa í ákvarðanatöku borgarinnar. Sérstök áhersla verður lögð á að þróa mismunandi leiðir til samráðs sem byggja á stigvaxandi þátttöku.
- Að leggja fram tillögur að mælanlegum markmiðum og ábyrgðarskiptingu innan stjórnsýslu borgarinnar.

Starfshópin/stýrihópin skipa:

Dóra Björt Guðjónsdóttir, Samfylkingin.

Kristinn Jón Ólafsson, Píratar.

Sandra Hlíf Ocares, Sjálfstæðisflokkur.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, þjónustu- og nýsköpunarsviði.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.



Reykjavík



Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir 1. mars 2026.

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

